

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorbjörns Árnasonar.

1. gr.

Ástvinir og aðstandendur Þorbjörns Árnasonar, hafa stofnað sjóð til minningar um hann sem heitir Minningarsjóður Þorbjörns Árnasonar.
Heimili og varnarþing sjóðsins er í Kópavogi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru framlög einstaklinga og fyrirtækja að upphæð kr. 1.000.000.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins telst vera stofn, sbr. 2. gr. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir og arður af eignum hans.
- b) Gjafir og áheiti sem honum kunna að berast.
- c) Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni hans.
- d) Aðrar tekjur.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan, hátt þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að safna og veita fjármunum til kaupa á tækjum fyrir hjartaskurðeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og með því koma hjartaskurðeildinni á meðal þeirra fremstu á því sviði í heiminum.

Markmið sjóðsins er ekki eingöngu að standa fullan straum af kaupum á tækjum og nauðsynlegum hlutum til skurðeildarinnar heldur einnig að leita og vera í samstarfi við einka- sem og opinbera aðila, við fjárfestingar fyrir skurðeildina.

Einnig er heimilt að veita námsstyrki úr sjóðnum til lækna og/eða læknanema vegna framhaldsmenntunar á sviði hjartaskurðlækninga eða vegna rannsóknarverkefna á sama sviði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 8 einstaklingar. Eftirlifandi eiginkona Þorbjörns Árnasonar og börn hans og/eða beinir afkomendur þeirra tilnefna 7 þeirra og yfirlæknir í hjartaskurðlækningum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi tilnefnir 1.

Stjórn sjóðsins er heimilt með atkvæðum allra stjórnarmanna að fækka stjórnarmönnum. Stjórnarmenn skulu þó aldrei vera færri en 5.

Tilnefning skal gilda þar til stjórnarmaður óskar eftir að hverfa úr stjórn sjóðsins.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Gjaldkeri skal hafa á hendi vörslu sjóðsins.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. tvisvar á ári og skal til þeirra boðað af formanni.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvenær veita skal fé úr sjóðnum og í hvaða verkefni. Stjórnarmaður sem tilnefndur er af yfirlækni í hjartaskurðlækningum á Landspítala – háskóla-

sjúkrahúsi skal vera stjórninni til ráðgjafar varðandi tæki og/eða verkefni við ákvarðanir um úthlutun úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal setja sér starfsreglur um úthlutanir styrkja.

Stjórn sjóðsins skal skrá allar ákvarðanir og úthlutanir í fundargerðarbók sína.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda, sem ráðinn er af stjórn sjóðsins.

9. gr.

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt né Minningarsjóður Þorbjörns Árnasonar lagður niður nema með einróma samþykki sjóðsstjórnar og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eigum hans ráðstafað af stjórn sjóðsins, í þágu hagsmuna hjartasjúklinga.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. október 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi vegna byggingar 3ja íbúðarhúsa í landi Syðri-Varðgjár. Lóðirnar eru samlægar sunnanvert í landi jarðarinnar vestan Veigastaðavegar.

Tillagan hefur fengið þá meðferð sem lög ákveða og er nú auglýst til að taka þegar gildi sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 15. október 2004.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.